

Sam," sagði matreiðslumaðurinn, sem æfinlega var mótfallinn öllu ósæmilegu framferði.

"Viljið þið gera svo vel og fara niður?" þrum-aði í skipstjóarnum um leið og hann ýtti matreiðslumanninum hálf óþyrmilega áfram.

"Mér þykir fyrir þessu," sagði hann og sneri sér að ungfrú Gething um leið og þeir hurfu niður stigann; "það er eins og alt sé í óreiðu í kveld."

"Það gerir ekkert til," sagði hún þurlega. "Góða nött."

"Hvert ætlar þú að fara?" spurði skipstjórinn.

"Eg ætla að fara að leita að einhverju gistihúsi yfir nóttna; eg kemst ekki heim héðan af í kveld."

"Pú getur haft káetuna í nótta," sagði skipstjórinn; "við getum verið annars staðar."

"Nei, eg þakka fyrir," sagði ungfrú Gething.

Hún gekk að borðstokknum og skipstjórinn hjálpaði henni til að komast upp á bryggjuna. Rétt í sömu svifum og kom stýrimaðurinn úr leitinni og horfði á hana forvitnisaugum.

"Petta er ungfrú Gething", sagði skipstjórinn. "Hefir þú orðið nokkurs vísari?"

"Nei," svaraði stýrimaðurinn alvarlegur á svip. "Þeir hafa horfið eins og reykur fyrir vindi."

"Er það nú alveg víst," sagði ungfrú Gething og sneri sér að stýrimanninum, "að þetta hafi verið faðir minn?"

Stýrimaðurinn leit á skipstjórann og ýtti húfunni aftur á hnakkann. "Við héldum áreiðanlega að það væri hann. Eg skil ekkert í hvernig þessu víkur við. Hann gat ekki komist burt með járnbrautarlest, því hann hafði enga peninga."

"Það getur ekki hafa verið faðir minn," sagði ungfrú Gething. "Einhver hefir svikið ykkur. Góða